

4

20. gr.

31. jan. Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þessum lögum, varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal vera heimil.

21. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

5

L Ö G

18. jan.

um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög,
nr. 12 2. apríl 1946.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánanna allt að kr. 200000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. janúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

6

AUGLÝSING

15. jan.

um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands.

Hinn 12. janúar 1956 var undirritaður í Reykjavík viðskiptasamningur milli Íslands og Finnlands.

Samningurinn gildir frá 1. febrúar 1956 til 31. janúar 1957. Ef hvorugur aðili segir upp samningnum fyrir árslok 1956 framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár.

Helztu útflutningsvörur frá Íslandi til Finnlands á samningstímabilinu verða saltsild, gærur, þorskalýsi, skreið, síldar- og fiskimjöl, frystur fiskur og síld, kindagarnir og niðursoðnar fiskafurðir.

Helztu útflutningsvörur frá Finnlandi til Íslands verða timbur, staurar, kross-

viður, þilplötur, pappi og pappírsvörur, rafmagnsvélar, tunnustafir og gúmmískó-
fatnaður.

6
15. jan.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 15. janúar 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1956.

7
2. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1956 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	104 600 000	
2. Stríðsgróðaskattur 10200000		
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 5100000		
	5 100 000	
		109 700 000
3. Vörumagnstollur	34 500 000	
4. Verðtollur	187 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni	16 000 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum	10 000 000	
		247 500 000
7. Lestagjald af skipum	300 000	
8. Bifreiðaskattur	11 500 000	
		11 800 000
9. Aukatekjur	9 500 000	
10. Stimpilgjald	13 500 000	
11. Vitagjald	1 700 000	
12. Leyfisbréfagjald	500 000	
13. Útflutningsleyfagjöld	700 000	
		25 900 000
14. Söluskattur		120 000 000
15. Leyfisgjöld		6 500 000
		252 400 000
Samtals	521 400 000